

**Námsgrein / Heildstætt verkefni: Skjálfandi eldar****Tímabil: Haustönn 2023**

Námsmarkmið sem unnið verður með: Að nemendur kynnist hugtökum tengdum eldgosum og jarðskjálftum, þekki orsök þeirra og afleiðingar og geti nýtt þessi hugtök í verkefnavinnu og umræðu. Nemendur læra um uppbyggingu jarðar, innri og ytri öfl sem móta landið og breyta. Nemendur munu læra um sögu eldgosa á Íslandi og hvaða áhrif þau höfðu á samfélagið á þeim tíma.

Þær námsgreinar sem liggja til grundvallar eru náttúrufræði, íslenska, enska, samfélagsfræði og lífsleikni.

Stærðfræði er unnin samhliða verkefninu. Sjá námsáætlun í stærðfræði.

Verkefni:

Verkefnin sem unnin verða eru ýmist hóp-, einstaklings eða paraverkefni auk þess sem nemendur hafa val um ákveðinn verkefni. Leitast er við að nemendur kynnist ólíkum leiðum við skil verkefna og hafi val um ákveðin verkefni og skilaform.

Verkefnin eru fjölbreytt og snúa að lesskilningi, ritun, upplýsingatækni og sköpun.

Námsefni/kennslugögn:

Um víða veröld

Ýmsar vefsíður og efni tengt viðfangsefninu

Námsmat

Jafningjamat, sjálfsmat og kennaramat